



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um mótun framtíðarsýnar um þróun Háaleitisbrautar

Á fundi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis 26. september 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Samfylkingar, dags. 19. september 2023, um mótun framtíðarsýnar um þróun Háaleitisbrautar, sbr. 3. liður fundargerðar sama dag:

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að mótuð verði skýr framtíðarsýn um þróun Háaleitisbrautar, frá Bústaðavegi að Kringlumýrarbraut, sem lifandi götu- og borgarrými með aukinni áherslu á meiri gróður og góðar aðstæður fyrir fjölbreytta ferðamáta.

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis lagði fram og samþykkti svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að mótuð verði skýr framtíðarsýn um þróun Háaleitisbrautar, frá Bústaðavegi að Kringlumýrarbraut, sem lifandi götu- og borgarrými með aukinni áherslu á meiri gróður og góðar aðstæður fyrir fjölbreytta ferðamáta. Mótun framtíðarsýnarinnar þarf að vinna í góðu samráði og samtali við íbúa og hagaðila á svæðinu. Sérstaklega þarf að hafa til hliðsjónar flutning bráðabjónustu og starfsemi Borgarspítalans niður að Hringbraut.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Breytingartillagan er samþykkt.
Tillagan er samþykkt svo breytt.
Vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

Með hliðsjón af ofangreindu er hinni samþykktu tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða

Hjálagt: Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um mótun framtíðarsýnar um þróun Háaleitisbrautar (samþykkt breytingartillaga).

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis 26. september 2023: (Breytingar)tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um mótun framtíðarsýnar um þróun Háaleitisbrautar MSS23090114

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að mótuð verði skýr framtíðarsýn um þróun Háaleitisbrautar, frá Bústaðavegi að Kringlumýrarbraut, sem lifandi götu- og borgarrými með aukinni áherslu á meiri gróður og góðar aðstæður fyrir fjölbreytta ferðamáta. Mótun framtíðarsýnarinnar þarf að vinna í góðu samráði og samtali við íbúa og hagaðila á svæðinu. Sérstaklega þarf að hafa til hliðsjónar flutning bráðaþjónustu og starfsemi Borgarspítalans niður að Hringbraut.

Greinargerð:

Umhverfi Háaleitisbrautar í dag er afsprengi þess að hafa upphaflega verið hugsuð sem ein af aðal tengibrautum borgarinnar milli hinna stærri stofnbrauta. Götusniðið er þar af leiðandi talsvert breitt enda var gatan hugsuð sem 2+2 gata auk hliðargatna á kafla. Síðan hefur Háaleitisbraut þróast meira yfir í tengigötu fyrir íbúa í nærliggjandi hverfum sem þó fer um mikil og hröð bílaumferð.

Breyttri notkun og breyttum hugmyndum um eðli götunnar hafa fylgt fjölmargar minniháttar og fjölbreyttar breytingar. Nýleg dæmi eru til að mynda þrengingar á götunni á köflum til að bæta öryggi gangandi vegfarenda. Í praxis er gatan því í raun orðin 1+1 gata en með fjölmarga breiðari vegkafla og óskilgreind malbikuð svæði og hefur gatan því einkar slitrótt, grátt og óaðlaðandi yfirbragð.

Íbúaráðið leggur af þeim sökum áherslu á að mótuð verði framtíðarsýn um hvernig almenningsrymi Háaleitisbraut geti orðið, og hvaða möguleikar til þróunar séu við götuna.